

# LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNSENDIR (TELEFAX) 687057

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 118 / 209*

*komudagur 22 / 11 1994*

Reykjavík, 11. nóvember 1994.

Umsögn Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum (118. löggjafarþing. - 9 mál).

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreint frumvarp.


Á undanförunum árum hefir sú þróun átt sér stað hér á landi að sérdómstólum, er eingöngu fjalla um tiltekna málaflokka, hefir fækkað. Það stríðir því gegn þeirri þróun að setja nú á stofn sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum, eins og ráðgert er í frumvarpi þessu. Það hlýtur að horfa til kostnaðarauka að hafa fleiri dómstóla en færri í einu þjóðfélagi, því að það leiðir til verri nýtingar á mannafla, tækjakosti og húsnæði. Þess vegna ber að efla þá héraðsdómstóla, sem fyrir eru, í stað þess að setja á stofn nýja. Það getur ekki verið erfiðara að koma fyrir sérþekkingu hjá Héraðsdómi Reykjavíkur á sviði skatta- og bókhaldsmála heldur en hjá nýstofnuðum héraðsdómi.

Auk þess hljóta menn að spyrja sig, þegar mál þessi eru hugleidd, hvers vegna í ósköpunum þörf sé á því að stofna sérdómstól fyrir skatta- og bókhaldsbrot, en ekki fyrir manndráp, nauðganir og líkamsárásir, sem eru miklu alvarlegri glæpir í mannlegu samfélagi heldur en brot á sviði skattamála og bókhalds.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, mælir laganefnd gegn samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,

F.h. Laganefndar L.M.F.Í.

  
Magnús Thoroddsen, formaður.